

# Bjarni blindi



Þess munu fá dæmi, að blindir menn séu **skyggnir**, en þó litur svo út eftir sögu þeirri, sem hér segir, að svo geti að borið. Eftir að Bjarni blindi, sem áður er getið, var orðinn að mestu laus við **draugsaðsóknina**, varð honum miklu skaprórra en áður; en þó lagðist mótlæti á hann, að hann varð blindur og ekki laus við **sturlun**, og þótti það enn nokkrar **menjar** hinnar fyrri aðsóknir. Þegar svo var komið fyrir Bjarna, að hann gekk ekki lengur í **vist**, fór hann um manna á milli og var leiddur á milli bæja. Einu sinni sem oftast kom hann að Helgastöðum í Þingeyjarsýslu til séra Hannesar, föður Dr. Schevings, og fékk að vera þar um tíma. Þetta var um vetur. Meðan Bjarni **dvaldi** á Helgastöðum, bar svo við eitt sinn, að þeir Hallgrímur og Lárus, prestssynirnir, voru að leika sér að því frammi í bæjardyrum með tveim öðrum drengjum að fela sig hvor fyrir öðrum; höfðu þeir **skála**, sem var frammi í bænum, til að fela sig í, og var þar nærri **koldimmt**, en skálinn auður að mestu með stoðum, bitum, sperrum, langböndum og birki-árefti, en undir bitana var mjög hátt. Þó myrkt væri í skálanum, höfðu þeir þá varúð þó við, að þeir bundu fyrir augun á þeim, sem átti að leita, og héldu honum tveir frammi í bæjardyrum á meðan einn þeirra var að fela sig, og mátti hann fela sig þar í skálanum, sem hann vildi, hvort heldur á gólfinu eða uppi á bitunum eða, ef hann gat hangið í áreftinu; en ekki þurfti sá, sem leitaði, að **þreifa** á þeim, sem hann leitaði að, til að finna hann, því nægja þótti, ef hann gat sagt til, hvar hann var. Bjarna bar nú þar að, sem drengirnir voru að feluleik, og komst að því, hvaða leik þeir léku. Hann bauðst þá til að leita að hverjum þeirra, sem þeir vildu þar til **kjósa** að fela sig fyrir honum í skálanum og finna hann. Drengirnir kusu svo Hallgrím til þess; því þeir vissu, að hann var léttastur á sér og gat farið upp um alla bita og hangið í áreftinu, hvar sem vera vildi. Meðan Hallgrímur var að fela sig, héldu hinir Bjarna og höfðu alla sömu aðferð við hann sem þeir höfðu haft áður. Síðan fer Bjarni og leitar. En þegar hann kemur inn á skálagólfið þar niður undan, sem Hallgrímur hékk uppi yfir í rjáfrinu, kallaði Bjarni upp og sagði, að Hallgrímur væri þar, þó hann næði ekki til hans. Drengjunum **þótti** Bjarna takast furðu vel leitinn og reyndu sama leik annað sinn, og hélt Hallgrímur nú niðri í sér andanum eða andaði svo lágt sem hann gat, því hinum var ekki **grunlaust** um, að Bjarni hefði í fyrra sinnið heyrt, hvar hann var, á **andardrættinum**. En allt fór á sömu leið; Bjarni nam þar staðar á skálagólfinu, sem Hallgrímur hékk uppi yfir. Þótti þá drengjunum til reynt, að ekki yrði falizt fyrir Bjarna, og spurðu hann þá að hvernig á því stæði, að hann væri svo **naskur** að finna Hallgrím, hvar sem hann fælist. En hann sagði þeim, að **hvítabjarnahúnn** hefði staðið þar á gólfinu niður undan, sem Hallgrímur hefði verið uppi yfir, og væri það **fylgjan** hans. En Dr. Scheving heldur enn, að svo hafi farið fyrir Bjarna sem mörgum öðrum, að þegar þeim **förlast** eitt **skilningarvitið**, **skerpist** aftur hin fyrir þann muninn, og að Bjarni muni því hafa heyrt til sín, hversu hægt sem hann hafði um sig.